



367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Ársskýrsla 2011

Inngangur

Nokkrir fundir voru haldnir snemma á árinu 2011 að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins með það að markmiði að leita leiða til þess að bjóða nemendum á Vesturlandi fjölbreyttara nám á framhaldsskólastigi. Einn af þeim möguleikum sem skoðaðir voru var að sameina Fjölbrautaskóla Vesturlands, Menntaskóla Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóla Snæfellinga undir eina stjórn. Horfið var frá því að sameina skólana að svo komnu máli en skólastjórnendur hvattir til þess að vinna meira saman nemendum til heilla. Undirritaður var skipaður skólameistari FSN í júní 2011.

Áherslur

Það sem hér er með bláu lettri er tekið úr 2. kafla skólasamningsins sem undirritaður var 4. nóvember 2011.

1. Nemendur

Meginmarkmið 1:

Að innrita alla sem sækja um skólavist í FSN.

Deilimarkmið:

- Allir ólöggráða nemendur sem lokið hafa grunnskóla á upptökusvæði skólans og sækja um skólavist í FSN fái skólavist.
- Nemendur sem gert hafa hlé á námi og sækja um skólavist í FSN fá skólavist svo fremi að inntaka þeirra rúmist innan fjárheimilda skólans.
- Að 80% útskrifaðra 10. bekinga af upptökusvæði FSN sækji um í FSN

Meginmarkmið 1 náðist.

Meginmarkmið 2:

Nemendum líður vel í skólanum.

Deilimarkmið:

- Í könnun sjálfsmatsins hækki hlutfall nemenda sem líður mjög vel/vel úr 92% í 96% á næstu þrem árum.

Í niðurstöðu viðhorfskönnunar á haustönn 2011 kemur fram að 92% þeirra nemenda sem svara líður mjög vel eða vel í skólanum.

- Veita nemendum persónulega þjónustu.

Kennsluhættir og stærð skólans verða til þess að nemendum er veitt persónuleg þjónusta að okkar mati.

- Að blása lífi í foreldrasamstarfið. Boðað verður til fundar í september 2011.

Okkur hefur ekki tekist að blása lífi í foreldrastarfið þrátt fyrir fundinn í september 2011.

- Þátttaka í undirbúningi að því að FSN komist í hóp heilsueflandi framhaldsskóla.

FSN er þátttakandi í hópi heilsueflandi framhaldsskóla og stefnir að gulli strax á fyrsta ári sem slíkur.

- Brotthvarf nemenda lækki úr 8,9% í 6% á samningstímanum.

Brotthvarf nemenda er 6% á skólaárinu 2011 – 2012.

- Safna upplýsingum um nemendur sem hverfa frá námi.

Skipuleg upplýsingaöflun um nemendur sem hverfa frá námi er ábótavant.

- Auka námsframboð þannig að fleiri ljúki skilgreindu námi (framhaldsskólapróf).

Einn hópur er í námi í grunndeild bygginga- og málmgreina á haustönn 2011. Boðið var upp á nám til framhaldsskólaprófs við innritun vorið 2011 en einugis tveir völdu þá braut.

2. Nám

Meginmarkmið 1:

Skólinn er lítill og getur því ekki boðið upp á mjög fjölbreytt nám en þar sem hann er eini framhaldsskólinn á Snæfellsnesi þá verður hann að mæta þörfum mjög ólíkra nemenda til náms.

Deilimarkmið:

- Skólinn stefnir að því að fækka brautum til stúdentsprófs í tvær.

Nýnemar geta fyrst og fremst valið á milli tveggja brauta til stúdentsprófs.

- Öryggis- og þjónustubraut er í smíðum við skólann ætluð þeim sem stefna á framhaldsskólapróf.

Brautin er í boði en einugis tveir nemendur hafa innritast á brautina.

- Auka utanumhald á almennu brautinni, ásamt því að bæta námsframboð á brautinni.

Áfangi í námsaðstoð NÁM102 var skylduáfangi fyrir nokkurn hóp á almennri braut og var kennarinn að auki umsjónarkennari þeirra nemenda sem voru í áfanganum. Fleiri verklegir áfangar voru í boði við skólann haust 2011 en verið hefur um nokkurt skeið. Einnig var kennari ráðinn í fjóra tíma á viku til þess að heimsækja ákveðna nemendur í kennslustundir og bjóða þeim aðstoð við það sem þau voru að fást við í tímanum.

- Samstarf við FVA um nám í grunndeild bygginga- og málmgreina, stefnt er að því að innrita einn hóp (10-15 nemendur) á brautina á haustönn 2011.

Einn hópur með 12 nemendum hóf nám á brautinni.

- Nemendur sérdeildarinnar taki enn virkari þátt í félagsstarfi skólans með beinni þátttöku í undirbúningi.

Að þessu er enn stefnt.

- Vinna að hugmynd um samþætta áfanga fyrir fyrsta árs nema sem byggja á grunnþáttunum 5.

Áfanginn Heilsa-nám-lífsstíll HNL104 var á haustönn fyrir alla nýnema auk þess sem byrjunaráfangar í íslensku fylgja námskrá frá 2011. Þetta er liður í því að fjölga endurskoðuðum áföngum sem byggja á grunnþáttunum 6.

- Skólanámskráin er stöðugt í endurskoðun og verður svo áfram.

Í vinnslu, þrír kennarar vinna að þessu verkefni ásamt skólameistara.

- Fjölga nemendum í dreifnámi hvaðan svo sem þeir koma.

Ekki hefur tekist að fjölga dreifnemum sem koma af öðru svæði en upptökusvæði skólans að neinu marki.

- Unnið er að þróun dreifnámsins, m.t.t. kennsluhátta og námsmats, þannig að nemandi þurfi að mæta mjög lítið í skólann.

Í vinnslu, 5-6 kennarar vinna sérstaklega að þessu.

- Að hefja kennslu dreif-/fjarnámsáfanga næsta haust í samvinnu nokkurra framhaldsskóla á landsbyggðinni.

Stefnt er að því að fá leyfi til tilraunakennslu fjarnámsbrautar með áherslu á umhverfis- og auðlindafræðum.

- Að koma á samstarfi FSN, tónlistarskólanna á Snæfellsnesi og sveitarfélaganna um kennslu einstakra valáfanga í tónlist.

Samstarf hefur tekist með FSN og tónlistarskólunum í Grundarfirði og Stykkishólmi með kennslu nemenda sem mynda stórsveit (BIG103).

- Unnið verði að hugmynd um tónlistarbraut við FSN.

Í vinnslu

- Skólinn er þátttakandi í Comeniusar verkefninu Teen TV, sem meðal annars er ætlað að auka víðsýni, tæknikunnáttu og hæfni til samstarfs.

Verkefnið hefur verið í gangi allt síðasta ár og gengið mjög vel en því líkur nú í vor.

3. Kennsla

Deilimarkmið:

- Einvörðungu framhaldsskólakennarar/proskapjálfar séu ráðnir til kennslu.

Allir kennarar við FSN á haustönn 2011 eru með leyfisbréf sem framhaldsskólakennarar fyrir utan handmenntakennara í hálfu starfi en hann hefur réttindi sem grunnskólakennari.

- Endurmenntunarstefna verði unnin á samningstímanum og byrjað að vinna eftir henni ekki síðar en í árslok 2011.

Í vinnslu.

- Kennarar skólans séu tilbúnir að þróa sig sem kennara við skóla sem byggir á hugmyndum um verkefnaþætti kennsluáferðir.

Verkefnaþætti kennsluáferðir eru allsráðandi hjá stærstum hluta kennara, hluti kennara byggja á hugmyndinni en vilja meina að þeirra námsgrein sé með þeim hætti að nauðsynlegt sé að halda ítarlega fyrirlestra og stór lokapróf.

- Allir kennarar styðjist við leiðsagnarmat í námsmati.

Þetta er raunin þó í mismiklu mæli.

- Meðaltalshlutfall þeirra sem segja að kennslan sé mjög góð/góð fari ekki undir 85% á samningstímanum (er nú 83%).

Í viðhorfskönnuninni haustið 2011 segja 95% svarenda að kennslan í FSN sé mjög góð eða frekar góð.

4. Stjórnun

Stefna, skipulag, stjórnunarferlar. Stjórnunarhættir, gegnsæi, upplýsingar. Umbótastaf, gæðakerfi, innra mat og tengsl þess við stefnu skólans. Starfsmannastefna, samráð, stafsandi.

Deilimarkmið:

- Á haustönn 2011 verður unnið að því að skerpa á stefnu skólans og skrá ferla ólíkra þátta í skólastarfinu. Hver ber ábyrgð á hverju.

Í vinnslu.

- Að stjórnunarhættir séu gegnsæir og öllum sé gefið tækifæri á að hafa áhrif á ákvörðunartöku þó svo að endanleg ákvörðun liggi hjá skólameistara.

Unnið er í þessum anda að mati skólameistara.

- Skólameistari vinni náið með trúnaðarmanni og formanni kennarafélagsins að sameiginlegum verkefnum.

Í góðu lagi að mati skólameistara.

- Skólastjórnendur styðji við allt umbótastarf sem styrkir stefnu skólans með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Í lagi að mati skólameistara.

- Gæðakerfi skólans verði áfram virkt og brugðist verði við þeim vísbendingum sem þar kunna að koma fram.

Í lagi að mati skólameistara.

- Skólinn stefnir að auknu samstarfi við nærsamfélagið.

Lítið að gerast.

- Starfsmannastefna verði unnin á samningstímanum.

Í vinnslu.

- Stjórnendur leggi sig alla fram til þess að stuðla að góðum starfsanda.

Í lagi að mati skólameistara.

5. Fjármál, rekstur, aðbúnaður

Reksturinn skili jákvæðri niðurstöðu miðað við fjárlög. Nýting starfskrafta (t.d. meðal hópastærð), húsnæði, búnaðar og aðstöðu.

Deilimarkmið:

- Strax árið 2011 verði byrjað að vinna á uppsöfnuðum rekstrarhalla.

Rekstrarafgangur varð starx árið 2010 og við uppgjör 2011 lækkaði mennta- og menningarmálaráðuneytið rekstrarhalla FSN að -4% af rekstrarfjárheimild skólans.

- Unnið verður áfram að því að ná niður uppsöfnuðum rekstrarhalla (reksturinn 2010 var jákvæður um 3,7 m.kr.)

Sjá hér fyrir ofan.

- Nýtingarhlutfall í áföngum hækki úr 71% í 75% að meðaltali næsta skólaár.

Nýtingarhlutfallið er enn í um 70%.

6. Samstarf við aðra

Grunnskólar, framhaldsskólar, símenntunarmiðstöðvar. Nærumhverfið, fyrirtæki og stofnanir.

Deilimarkmið:

- Að funda með skólastjórum grunnskólanna á upptökusvæði skólans tvisvar á ári.

Gekk eftir.

- Halda einn fund á ári með kennurum unglíngadeilda grunnskólanna og kennara FSN.

Gekk eftir.

- Að auka námsframboð með samvinnu nokkurra framhaldsskóla um dreif-/fjarnám.

Lítið að gerast.

- Að vinna með Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi.

Samvinna helst í því formi að við leigjum þeim aðstöðu og skólameistari situr í stjórn.

- Hafið verði samstarf við fyrirtæki/stofnanir í grenndinni um vinnutengt nám fyrir nemendur.

Haft var samband við fjölda fyrirtækja og stofnana á árinum um samstarf. Undirtektir góðar en lítið sem ekkert að gerast enn sem komið er.

Fjöldi nemenda eftir brautum

Vorönn 2011

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
Almenn bóknámsbraut	ABB	5
Almenn braut	AB	41
Almenn braut - fornám	AF	2
Félagsfræðibraut	FÉ	81
Málabraut	MB	7
Náttúrufræðibraut	NÁ	49
Starfsbraut	ST1	7
Samtals		192

Haustönn 2011

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
Almenn bóknámsbraut	ABB	5
Almenn braut	AB	59
Félagsfræðibraut	FÉ	115
Fyrsta námsár í bygginga- og málmíðngreinum	FN	6
Málabraut	MB	4
Náttúrufræðibraut	NÁ	49
Starfsbraut	ST1	7
Öryggis- og þjónustubraut	ÖÞ	2
Samtals		247

Lokaorð

Eftir aðkomu ráðuneytisins við að lækka uppsafnaðan rekstrahalla er mun bjartara framundan þar sem krafan um tugmilljóna rekstrarafgang í nokkur ár er væntanlega úr sögunni og spurning um að skila fyrst og fremst jákvæðri niðurstöðu næstu árin þannig að átta milljóna rekstrarhalla heyri sögunni til innan þriggja ára. Helstu ógnanir sem FSN stendur frammi fyrir eru litlir árgangar í grunnskólum á upptökusvæði skólans. Ef skólinn ætlar að geta boðið kennurum heilar stöður í framtíðinni verður okkur að takast að ná til okkur fleiri fjar- og dreifnemendum.

Grundarfirði 2. febrúar 2012

Jón Eggert Bragason

Skólameistari